

## STUTT GREINARGERÐ UM FERÐASLÓÐIR Á SV-LANDI OG VESTURLANDI

Ari Trausti Guðmundsson  
- júní 1993

### Gönguferðir í sókn

Eins til margra daga gönguferðir með útbúnað (bakpokaferðir) eru að verða æ vinsælli ferðamáti, sama er hvort litið er til Íslands eða útlanda. Göngumenn hafa með sér nesti og svefnþoka (stundum tjöld) og ganga í 3-8 klst. milli ákveðinna áfangastaða. Þar eru skálar og/eða tjaldstæði. Allt er morandi af slíkum gönguleiðum í fjölmörgum löndum, t.d. í Ölpunum og í Skandinavíu enda fyrir þeim alllöng hefð. Hér á landi eru slíkar leiðir einkum á Hornströndum, á Lónsöræfum, Törfajökulssvæðinu og Kili og njóta vaxandi vinsælda en mega teljast allnýjar af nálinni. Einn af vaxtarbroddunum í íslenskri ferðajónustu er í þessum geira.

### Þjóðgarðar eða friðlönd

Í mörgum tilvika eru gönguleiðirnar í þjóðgörðum eða friðlöndum. Ákveðnar reglugerðir eða tiltekin lög útheimta tölverða uppbyggingu á aðstöðu handa göngumönnum eða stýringu á ferðum þeirra. Slíkt á oftast einnig við þótt göngulandið sé almenningur vegna þess að tölverð umferð fólks og nútímkröfur útheimta grunnþjónustu af hendi þeirra sem opna gönguleiðirnar.

### Markhópar

Göngufólk hér á Íslandi er í einn stað stór hópur Íslendinga en í annan stað útlendingar sem koma hingað á eigin vegum eða í hópferðum innlendra og/eða erlendra ferðskrifstofa. Ef tekið er mið af félagafjölda ferðafélaganna stóru, smáhópa og af einstaklingum má giska á að 5000-10.000 Íslendingar stundi eða hafi áhuga á bakpokaferðum og hópurinn stækkar hratt. Af þeim 130.000-140.000 erlendu ferðamönnum er hingað koma árlega má ætla að 5000-10.000 manns fari í eða hafi áhuga á bakpokaferðum. Oftast eru ferðinar stuttar (1-2 dagar) og þá hluti af lengra programmi. Sóst er eftir lengri ferðum og fjöldi bakpokaferðalanga feiknarlegur í Evrópu. Prengsti markhópur bakpokaferða er því 10.000-20.000 manns á ári um þessar mundir en er í raun mun stærri, fyrst og fremst vegna margra útlendinga sem ekki taka Ísland með í áætlanir um "backpacking" og "trekking"-ferðir.

Í allmörgum tilvikum fara göngumenn eigin leiðir en meirihlutinn vill halda sig við markaðar leiðir með lágmarksstöðu og helst leiðarlýsingu.

### Dæmið um Laugaveginn

Gönguleiðin milli Landmannalauga og Þórsmerkur (Laugavegurinn) er mjög vinsæll. Þar hófust göngur í núverandi mynd fyrir um 15 árum á vegum Ferðafélags Íslands; fyrst án lítilar uppbyggingar. Smám saman fjölgangi skálum, leiðin var stikuð, útgáfuefni kom fram og æ fleiri skipulagðar ferðir á ýmissa vegum voru auglýstar. Nú má ætla að 1000-2000 manns fari um Laugaveginn á ári. Þí hefur tekjur af skálunum og hluta útgáfuefnis og þeim ferðum er það sjálft auglýsir (fáein hundruð manns).

### Hvað þarf til að opna gönguleið

Til þess að opna nothæfa gönguleið þarf eftifarandi:

1. Áhugavert og fjölbreytt landsvæði án margra mannvirkja, of greinilegra vega eða áberandi raflína.
2. Svefnþála, einn eða fleiri, auk tjaldstæða við þá, salerna og rennandi vatns.
3. Markaða gönguleið með stíkum og vegprestum.
4. Leiðarlýsingu (prentað mál/myndband o.s.frv.)